



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 01.05. '22

Úrskurður aganefndar 01. maí 2022

Eftirtalin mál lágu fyrir og var tekið til úrskurðar:

1. Árni Stefánsson þjálfari HK hlaut útilokun með skýrslu vegna grófrar óíþróttamannslegrar framkomu í leik Fram og HK í 3. flokki karla þann 28.04.2022. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:10 a). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að þjálfarinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.
2. Stefán Rafn Sigurmannsson leikmaður Haukar hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Hauka og ÍBV í úrslitakeppni Olís deildar karla þann 01.05.2022. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 a). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Arnar Kormákur Friðriksson, Sverrir Pálmason og Vala Valtýsdóttir.